

Nd.

314. Lög

um breyting á löggjöfni um skrásetning skipa.

(Afgreidd frá Nd. 8. ágúst).

1. gr.

Síðasti liður i 2. gr. laga nr. 31, 13. desember 1895, um skrásetning skipa orðist svo:

Ekkert íslenskt skip má hjer eftir hafa neinn annan fána fyrir þjóðfána en hinn íslenska fána.

Í stað orðanna »danskt flagg« annarsstaðar í lögunum komi »íslenskan fána«.

2. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann setur ákvæði þau, sem nauðsynleg eru, til að skift verði um þjóðernis- og skrásetningarskirteini þau, er hingað til hafa verið í gildi, með nýjum skirteinum, sem hera með sjer íslenskt þjóðerni skipsins.

3. gr.

Lög nr. 50, 30. nóvember 1914, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918; atvinnu- og samgöngumálaráðherrann getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.